

19. desember 2002 | Viðskiptablað | 797 orð | 1 mynd

Ekkert eftir nema marglytta

Fiskifræðingurinn Daniel Pauly segir stjórn fiskveiða í heiminum ekki bera neinn árangur

FLESTIR fiskistofnar heimsins og raunar flest vistkerfi hafnsins eru undir miklum og stigvaxandi þrýstingi, enda hefur ekki tekist að koma böndum á afkastagetu fiskveiðiflotans.

FLESTIR fiskistofnar heimsins og raunar flest vistkerfi hafnsins eru undir miklum og stigvaxandi þrýstingi, enda hefur ekki tekist að koma böndum á afkastagetu fiskveiðiflotans. Þetta er skoðun Daniels Pauly, fiskifræðings og prófessors við háskólann í Bresku Kólombíu. Hann var staddur hér á landi á dögumunum og hélt fyrirlestra við Sjávarútvegsháskóla Sameinuðu þjóðanna.



"Þegar rætt er um uppbyggingu fiskistofna og sjálfbærar veiðar er í raun verið að tala um að viðhalda minna en helmingi þess afna sem var veiðdur áður," segir Daniel Pauly.

Aðgangsupplýsingar

Notandi: Þú ert ekki innskráð(ur).

Greinin: Þessi grein er ókeypis þar sem hún er eldri en þriggja ára.

[Nánar](#)

MORGUNBLAÐIÐ

Morgunblaðið hjá Landsbókasafni

Á vefnum [timarit.is](#) er að finna stefraent safn Landsbókasafns yfir helstu dagblöð og tímarit landsins. Þetta er eina leiðin til að leita að efni úr Morgunblaðinu frá því fyrir 1986.

Pauly er einn umdeildasti en jafnframt afkastamesti fiskifræðingur samtímans og sá fiskifræðingur sem hvað oftast er vitnað til í fræðigreinum, enda hafa vistfræðikenningar notið nokkurrar hylli. Óvenjuleg nálgun hans hefur vakið mikla athygli og hann reyndar oft verið sakaður um virðingarleysi gagnvart kollegum sínum. Pauly hefur m.a. haldið því fram að ef heldur fram sem horfir í fiskveiðum heimsins verði fátt eftir nema marglyttur fyrir komandi kynslóðir að borða.

"Þróunin í fiskveiðum heimsins er ekki beinlínis glæsileg á að líta," segir Pauly í samtali við Morgunblaðið. Hann segir að alþjóðasamfélagið hafi ekki kjark til að taka á ofveiði sem viðgengst alls staðar í heiminum, sé að kalla tannlaust þegar kemur að aðgerðum. "Þetta á einkum við um fiskveiðar í úthöfunum sem eru utan laga og reglna, til dæmis á Mið-Atlantshafi, á Indlandshafi og Kyrrahafi. Fiskveiðum margra landa er hinsvegar stjórnað með aflatakmarkunum eða kvóta. Staðreyndin er sú að undir slíkri stjórn tekst ekki að koma böndum á veiðar á tegundum sem eru utan kvóta eða meðaflla. Í besta falli tekst þannig vel til með stjórn veiða á einni tiltekinni og mikilvægri tegund en á sama tíma eru aðrir stofnar á niðurleið. Þegar menn beina sjónum sínum að einni tegund hættir þeim til að líta svo á að veiðarnar séu alltaf sjálfbærar, þegar í raun stofninum hrakar stöðugt. Aðeins með því að líta til baka er hægt að sjá hvað hefur áunnist eða, í flestum tilfellum, tapast. Vísindamenn eru hinsvegar tregir til að horfa aftur í tímann, segja það ekki sitt hlutverk. Auk þess þá hafi verið notaðar aðrar aðferðir við stofnmat og gögnin því ekki eins áreiðanleg, fiskistofnarnir hafi hreinlega verið ofmetnir. En þeim hættir til að líta framhjá því að fiskistofnum hefur verið eytt í gegnum tíðina. Þess vegna er sókninni beint í aðra stofna sem gefa meira af sér, hinir hafa fallið í gleymiskunnar dá því þeir skipta ekki máli lengur. Í dag er til dæmis byrjað að veiða marglyttur í Bandaríkjunum og selja þær til Austur-Asíu, að sögn vegna þess að markaðurinn er fyrir hendi. Ástæðan er hinsvegar sú að aðrir stofnar gefa ekki lengur nóg af sér og veiðarnar því óhagkvæmar. Þess vegna hafa menn snúið sér að marglyttu, það er einfaldlega ekkert annað eftir. Svona hefur sagan endurtekið sig, þegar búið er að ofveiða eina tegund hafa menn snúið sér að þeirri næstu."

Fiskveiðar "óhreinar"

Pauly sótti menntun sína til Þýskalands, líkt og margir þungavigtarmenn fiskifræðinnar, en skoðanir hans eru þó æði ólíkar hinum hefðbundna skóla. "Eitt af því sem mér var kennt var að það væri hagfræðilega útilokað að ofveiða fiskistofn, um leið og veiðarnar verði óhagkvæmar sé þeim sjálfhætt áður en stofninn hrynur og sókninni beint annað. En það er mikill misskilningur. Það er ekki svo að fiskveiðar séu í eðli sínu "hreinar" eins og þessi kenning gefur til kynna. Þvert á móti eru fiskveiðar í eðli sínu "óhreinar" á einn eða annan hátt. Tökum þorskveiðar við Nýfundnaland sem dæmi. Þegar þorskveiðunum þar var hætt vegna bágs ástands stofnsins var sókninni beint í rækju. En það var ekki þar með sagt að þorskveiðum væri hætt. Þorskurinn, einkum smáfiskur, varð meðafli. En þessi afli kemur hvergi fram, því honum er hent. Þarna var því á ferðinni stórkostleg blekking, menn sögðust ekki stunda þorskveiðar þegar þorskaflinn var í raun jafnmikill og þegar menn sögðust stunda þorskveiðar í góðu árferði."

Draga þarf úr afkastagetu

Pauly bendir ennfremur á að þegar veiðum á tiltekinni fiskitegund er hætt, sé tilhneigingin sú að beina sókninni í aðrar minni tegundir, nefnilega fæðu þeirrar tegundar sem hætt var að veiða.

"Þegar veiðum á ofveiddum stofni er hætt, er veiðunum samt haldið áfram með meðafla, einkum á ungfiski, og í ofanálag er byrjað að veiða fæðu tegundarinnar. Til að kóróna vitleysuna er umhverfi tegundarinnar eyðilaggt með stórvirkum togveiðarfærum. Er von að maður spyrji: Hvers vegna í ósköpunum ætti stofninn að rétta úr kútnum við slíkar aðstæður?

Það er engum blöðum um það að fletta að fiskveiðar í heiminum eru á niðurleið. Þegar rætt er um uppbyggingu fiskistofna og sjálfbærar veiðar er í raun verið að tala um að viðhalda minna en helmingi þess afla sem var veiddur áður. Ef við viljum byggja upp fiskistofnana og veiða meira, verðum við að draga úr afkastagetu flotans, það er bara svo einfalt. Ég geri mér grein fyrir að stjórnámálameð og sjómenn munu seint viðurkenna þessa staðreynd. Hvort að hún á við einstaka stofna á Íslandi get ég ekki sagt til um en hún á svo sannarlega við þegar við horfum á fiskveiðar heimsins í heild," segir Daniel Pauly.

Link: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/705103>